**131. löggjafarþing 2004–2005.**
**Þskj. 842 — 555. mál.**

# Fyrirspurn

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um læknismeðferð barna erlendis.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

1. Hversu mörg börn hafa farið í læknismeðferð erlendis á ári síðustu fimm ár, á hvaða aldri voru þau og um hvers konar læknismeðferð var að ræða í hverju tilviki?
2. Í hve mörgum tilvikum á ári síðustu fimm ár hefur verið greitt fyrir fylgd beggja foreldra eða tveggja aðstandenda með barni sem þurft hefur að fara í læknismeðferð erlendis?
3. Í hve mörgum tilvikum á ári síðustu fimm ár hefur umsóknum um slíkar greiðslur verið hafnað, á hvaða aldri voru börnin og um hvers konar læknismeðferð var að ræða?

**Skriflegt svar óskast.**